

# Uppbyggingarsjóður Suðurnesja



SÓKNARÁÆTLUN  
SUÐURNESJA

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja hefur úthlutað styrkjum fyrir árið 2021. Auglýst var eftir styrkumsóknum í október sl. Umsóknir sem bárust voru samtals 72 talsins og hljóðuðu styrkbeiðnir upp á rúmlega 193 milljónir króna. Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs úthlutar nú 45.650.000 til 39 verkefna.

Skiptingin milla flokka er með þessum hætti:

Menning og listir fá úthlutað kr. 20.350.000

Atvinnu- og nýsköpun fær úthlutað kr. 25.300.000

Menningarverkefnið Ferskir Vindar er með þriggja ára samning og fær nú kr. 2.000.000.

## Eftirtalin verkefni hlutu styrk.

**Nr. 1. Skráning menningararfs. Umsækjand og verkefnastjóri: Jón Rúnar Hilmarsson. Flokkur: Menning.**

Verkefnið lýtur að samantekt á ritverkum Hilmars Jónssonar, rithöfundar, koma þeim fyrir á heimasíðu í hans nafni sem verður aðgengilegt öllum. Hilmar var m.a. var listamaður Keflavíkur árið 1994. **Verkefni hlýtur styrk að fjárhæð kr. 250 þús.**

**Nr. 2. Nýárstónleikar frá kirkjum og náttúru Suðurnesja. Umsækjandi og verkefnastjóri: Jón Rúnar Hilmarsson. Flokkur: Menning.**

Verkefnið er samstarfsverkefni nokkurra aðila sem ætla að flytja Suðurnesjamönnum og landsmönnum öllum hátíðartónleika heim í stofu. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 400 þús.**

**Nr. 3. Sögur sagðar í Sjólyst. Umsækjandi og verkefnastjóri: Erna M. Sveinbjarnardóttir. Flokkur: Menning.**

Verkefnið lýtur að kynningarefni um líf og starf Unu Guðmundsdóttur í Sjólyst og það samfélag sem þá var. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 300 þús.**

**Nr. 4. Vogar TV – Vogabúinn. Umsækjandi: Davíð Harðarson. Verkefnastjóri: Guðmundur Kristinn Sveinsson. Flokkur: Menning.**

Verkefnið lýtur að menningartengdu viðburðum í sveitarfélaginu Vogum ásamt kynningarefni. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þús.**

**Nr. 5. Fyrsti kossinn. Umsækjandi og verkefnastjóri: Brynja Ýr Júlíusdóttir. Flokkur: Menning.**

## Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Verkefnið er í samstarfi við Leikfélag Keflavíkur og lýtur að söngleik með tónlist bæði eftir Rúnar Júlíusson og tónlist sem tengist honum. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þús.**

**Nr. 6. Inneignar- og upplýsingakerfi fyrir alþjóðaflugvelli. Umsækjandi og verkefnastjóri: Sigurpáll Jóhannsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Afurðin verður smáforrit (App) sem mun bæta upplifunina af seinkun eða frestun á flugi á alþjóðavísu fyrir farþega, með ákveðinni upplýsingamiðlun. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þús.**

**Nr. 7. Allra veðra von – sirkussýningar og smiðjur á Suðurnesjum. Umsækjandi: Hringleikur – sirkuslistafélag. Verkefnastjóri: Eyrún Ævarsdóttir. Flokkur: Menning.**

Markmið er að auka við menningarflóru Suðurnesja með fjölbreyttum sirkuslistum, vinnustofum og sýningum. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 700 þús.**

**Nr. 8. Lest we forget. Umsækjandi og verkefnastjóri: Guðmundur Magnússon. Flokkur: Menning.**

Heimildarmyndin segir sögu bandarískrar sprengjuflugvélar sem fórst í dimmviðri á Fagradalsfjalli á Reykjanesi þann 3. maí 1943. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 700 þús.**

**Nr. 9. Merking gamalla húsa í Garðinum. Umsækjandi og verkefnastjóri: Ásgeir Magús Hjálmarsson. Flokkur: Menning.**

Markmið verkefnisins er að varðveita og skrásetja sögu gamalla húsa í sveitarfélaginu Garði í Suðurnesjabæ. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800 þús.**

**Nr. 10. KONA forntónlistarhátíð – Sjókonur og snillingar. Umsækjandi: Kammerhópurinn Reykjavík-Barokk. Verkefnastjóri: Anna Hugadóttir. Flokkur: Menning**

Markmiðið er að varpa ljósi á íslenskan þjóðlaga- og kvæðaaarf, atvinnusögu íslenskra kvenna og kventónskáld barokktímans í samstarfi við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800 þús.**

**Nr. 11. Jazzfjelag Suðurnesjabæjar – Tónleikaröð. Umsækjandi og verkefnastjóri: Halldór Lárusson. Flokkur: Menning.**

Markmiðið með verkefninu er að efla menningarlíf í Suðurnesjabæ og Suðurnesjum, styrkja íslenskt tónlistarlíf og jazzlistamenningu á Íslandi. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800 þús.**

**Nr. 12. Soð-upplifun á Reykjanesi. Umsækjandi og verkefnastjóri: Kristinn Guðmundsson. Flokkur: Menning.**

Verkefnið er Soð-upplifun á Reykjanesi þar sem Soðið mun bjóða upp á martarleikhús, víðsvegar í náttúru Reykjanes. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800 þús.**

**Nr. 13. Samkomuhúsið Kirkjuhvoll. Umsækjandi: Minjafélag Vatnsleysustrandarhrepps. Verkefnastjóri: Bjarki Þór Wíum. Flokkur: Menning.**

## Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Markiðið er að gera Kirkjuhvol upp og færa í upprunalegt horf. Samkomuhúsið var byggt árið 1932 og verður saga hússins og notenda þess varðveitt. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800 þús.**

**Nr. 14. Sögubók. Umsækjandi og verkefnastjóri: Arnar Stefánsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Verkefnið lýtur að þróun á kerfi fyrir fleiri möguleika í bókgærð þar sem barn getur eignast sérhannaða bók með andliti sínu ásamt nafni sem á að efla áhuga ungra barna til lestur og lesskilnings. (sogubok.is) **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800 þús.**

**Nr. 15. Uppbygging á Bakka. Umsækjand: Minja- og sögufélag Grindavíkur. Verkefnastjóri: Örn Sigurðsson. Flokkur: Menning.**

Með verkefninu er haldið áfram við uppbyggingu elstu uppistandandi sjóverbúðar á Suðurnesjum. Húsið hefur verið gert upp utanhúss, hér er verið að styrkja uppbyggingu innanhúss. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 16. Vita- sjólysasýning við Reykjanesvita. Umsækjandi: Hollvinasamtök reykjanesvita og nágrennis. Verkefnastjóri: Eiríkur P. Jörundsson. Flokkur: Menning.**

Markmið er að vekja athygli á merkri sögu Reykjanesvita og sjólysna sem voru ástæða þess að viti var reistur á þessum stað árið 1878 og var fyrsti viti landsins. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr.1.000.000.**

**Nr. 17. Suður með sjó. Umsækjandi og verkefnastjóri: Páll Hilmar Ketilsson. Flokkur: Menning.**

Verkefnið er að vekja athygli á Suðurnesjum og fjölbreyttu atvinnulífi og menningu svæðisins. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 18. Listaverkastígur. Umsækjandi: Suðurnesjabær. Verkefnastjóri: Bergný Jóna Sævarsdóttir. Flokkur: Menning.**

Tilgangur Listaverkastígsins er að færa listina nær íbúum, nemendum og gestum Suðurnesjabæjar. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 19. Brnamenning í Reykjanesbæ. Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Guðlaug María Lewis. Flokkur: Menning.**

Verkefnið lýtur að því að skapa vettvang fyrir fjölskyldur á Suðurnesjum til að njóta listsköpunar barna með skemmtilegum viðburðum og sýningarhaldi, þeim að kostnaðarlausu. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 20. Rannsóknir á safneign Listasafns Reykjanesbæjar. Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Helga Arnbjörg Pálsdóttir. Flokkur: Menning.**

Markmið verkefnisins er að rannsaka og yfirfara upplýsingar um safneign Listasafnsins, auk þess að kynna menningarstarfsemi og sýna menningararfleifð. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

## Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

**Nr. 21. Hlaðan Skjaldbreið. Umsækjandi: Minjafélag Vatnsleysustrandarhrepps. Verkefnastjóri: Helga Ragnarsdóttir. Flokkur: Menning.**

Markmiðið er að vernda fornt byggingarlag og viðhalda hlöðunni Skjaldbreið og sögunni sem liggur að baki byggingu hennar og notkun. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 22. Gargandi gleði. Umsækjandi og verkefnastjóri: Halla Karen Guðjónsdóttir. Flokkur: Menning.**

Markmið verkefnisins er að kynna leiklist, framkomu og söng fyrir börnum, með því að efla sjálfstraust þeirra og samskiptafærni. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 23. Björgunarnet Stakkur. Umsækjandi: Sæmundur Heimir Guðmundsson. Verkefnastjóri: Jón Helgason. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Verkefnið lýtur að öryggi allra þeirra sem sækja eða vinna við jarðböð og aðra staði þar sem ekki sést til botns. Verkefnið mun einfalda leit og björgun. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 24. Litla brugghúsið. Umsækjandi: Litla brugghúsið. Verkefnastjóri: Guðjónína Sæmundsdóttir. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Verkefninu er ætlað að styrkja ferðaþjónustu, auka framboð á afþreyingu og efla menningu á svæðinu. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 25. Tjaldarnir okkar – njósnir í nærumhverfi. Umsækjandi: Þekkingarstur Suðurnesja. Verkefnastjóri: Sölvi Rúnar Vignisson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Markmið verkefnisins er að kortleggja far og lífshætti valinna tjaldapara sem búa á Suðurnesjum. Að gefa grunnskólanemendum á Suðurnesjum tækifæri til að taka þátt í raunverulegri vísindarannsókn á sviði fuglafræði. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 26. Flókasokkar. Umsækjandi: Móbotna ehf. Verkefnastjóri: Ágústa Kristín Grétarsdóttir. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Verkefninu er ætlað að auka virði íslensku ullarinnar með nýsköpun, sjálfbærni og öflugri markaðssetningu. Móbotnar sérhæfa sig í útivistarvörum úr íslenskri ull beint frá bónda. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 27. Eye On Iceland. Umsækjandi: EYE ON ehf. Verkefnastjóri: Einar Már Atlason. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Megin tilgangur verkefnisins er að ýta undir vöxt ferðamennsku með aukinni landkynningu í formi sem ekki hefur tíðkast áður. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 28. Geopark Ultra. Umsækjandi: Reykjanes jarðvangur ses. Verkefnastjóri: Daníel Einarsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

## Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Verkefnið lýtur að víðavangshlaupi í Reykjanes UNESCO Global Geopark. Aðdráttarafl náttúrunnar er ósvikið á Reykjanesi, en aðalsmerki þessa viðburðar er að hlaupa yfir jarðfræðileg landamæri Evrópu og Ameríku, yfir brúnna milli heimsálfa. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 29. Markaðssetning á TARAMAR húðvörum í Asíu. Umsækjandi: Taramar SEEDS ehf. Verkefnastjóri: Guðrún Marteinsdóttir. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Húðvörurnar eru sérstakar að því leyti að þær eru handgerðar úr íslensku vatni, þangi og lækningajurtum, eru afburða hreinar og hafa sjáanleg og jákvæð áhrif á húð. Þær eru framleiddar í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Sandgerði. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 30. Popp og Co. Umsækjandi og verkefnastjóri: Trausti Arngrímsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Tilgangur verkefnisins er að þróa, framleiða og markaðssetja fjölbreytt úrval af íslensku sælkerapoppi og bæta þannig stoðir undir matvælaframleiðslu á Suðurnesjum. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 31. Táraborg. Umsækjandi og verkefnastjóri: Dagný Gísladóttir. Flokkur: Menning.**

Markmið verkefnisins er að skrásetja einstakan viðburð í sögu Suðurnesja með því að taka viðtöl við þá einstaklinga sem sóttu hina örlagaríku jólatrésskemmtun í samkomuhúsinu Skildi árið 1935 þegar eldur varð laus og 10 manns létust. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.000.000.**

**Nr. 32. Öðuskel – rannsóknir og nýting á Suðurnesjum. Umsækjandi og verkefnastjóri: Halldór Pálmar Halldórsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Markmið verkefnisins er að kanna hvernig best sé að nýta öðu á Suðurnesjum til manneldis og útflutnings með tilliti til árstíma og innihalds snefilefna og þá fyrst og fremst kadmíns. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.500.000.**

**Nr. 33. Nýsköpunarakademía ferðapjónustunnar. Umsækjandi: Keilir miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs. Verkefnastjóri: Arnbjörn Ólafsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Markmið verkefnisins er að skapa grundvöll fyrir nýsköpun, fræðslu, tengslamyndun, samstarfsverkefni og vöruþróun fyrir einstaklinga, einyrkja og fyrirtæki sem tengjast ferðajónustu á Suðurnesjum. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1.500.000.**

**Nr. 34. Rafræn útgáfa á samtímaóperunni „Góðan daginn, frú forseti“. Umsækjandi: DreamVoices ehf. Verkefnastjóri: Alexandra Chernyshova. Flokkur: Menning.**

Óperan er eftir Alexöndru Chernyshovu og er í þremur þáttum, samin fyrir 12 einsöngvara, kóra og hljómsveit. Óperan fjallar um líf og störf fyrsta kvenforsetans í heiminum Vigdísí Finnbogadóttur. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2.000.000.**

**Nr. 35. Öryggiskrossinn – The Safety Kross. Umsækjandi: Mannvirki og malbik ehf. Verkefnastjóri: Sigurður Ingi Kristófersson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

## Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Verkefnið lýstur að þróunn Öryggiskrossins sem er ný tegund merkinga til að loka flugbrautum og akbrautum tímabundið. Varan er hönnuð og handunni á Suðurnesjum. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2.000.000.**

**Nr. 36. Grænt varaafli. Umsækjandi: Vetnis ehf. Verkefnastjóri: Auðunn Freyr Ingvarsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Vetnis er þróunarfélag sem vinnur að því að setja upp framleiðslu og dreifingu á grænu vetni. Markmið verkefnisins er að finna leiðir til að nýta grænt vetni til að knýja varaafstöðvar án losunar á CO2. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2.000.000.**

**Nr. 37. Skipaþjónustuklassi á Suðurnesjum. Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Sigurður Guðlaugsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Markmið verkefnisins felst í því að kortleggja og skilgreina uppbyggingu nýs klasa á svæðinu. Klasinn samanstandi af fyrirtækjum sem að hluta til eða í heild sérhæfir sig í þjónustu við stór og tæknivædd fiskiskip á norður atlandshafi. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr.2.000.000**

**Nr. 38. Mermaid – Geothermal Seaweed Spa. Umsækjandi: Mermaid ehf. Verkefnastjóri: Bogi Jónsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.**

Verkefnið lýtur að þróun á vandaðri lúxus heilsulind við sjávarsíðuna þar sem boðið verður upp á sérhæfð böð og heilsumeðferðir. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr.3.000.000.**

**Nr. 39. Fjölpætt heilsuefling 65+ í Reykjanesbæ og Grindavík. Umsækjandi og verkefnastjóri: Janus Friðrik Guðlaugsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun**

Megin markmið verkefnisins er að efla heilsu og velferð eldri aldurshópa í sveitarfélögum, með þátttöku þeirra í fjölpætttri og markvissri heilsueflingu, ráðgjöf um næringu og aðra heilsufarsþætti. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 4.000.000.**